

**M-4/2007 Álit 15. febrúar 2007**

### **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 15. febrúar gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-4/2007:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 2. janúar sl. bað Z, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hennar á áramótakjól hjá versluninni X. Álitsbeiðandi telur kjólinn vera gallaðan, vill skila honum og fá kaupverðið endurgreitt.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Kærunefndin gaf versluninni X kost á andsvörum með bréfi, dags. 23. janúar sl. Frestur til að skila þeim var gefinn til 5. febrúar sl. Andsvör verslunarinnar bárust nefndinni með bréfi, dags. 25. janúar sl. Aðilum var tilkynnt með bréfi, dags. 12. febrúar, að nefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi segist hafa mátað og keypt umræddan kjól 9. desember sl. og ekki tekið eftir neinu óvenjulegu við hann. Síðar um kvöldið hafi hún farið á jólahlaðborð ásamt vinnufélögum sínum og maka. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins hafi verið nýfluttur í nýtt hús þar sem hefði verið boðið upp á fordrykk og skoðunarferð um húsið. Þegar litið hafi verið á gólfið, þar sem gengið hafði verið, hafi það allt glansað, en kjólinn hafi alls staðar skilið eftir sig slóð af glimmeri. Álitsbeiðandi segist hafa setið í stól með flauelsáklæði og hafi hann allur glitrað eftir það. Hið sama hafi gerst þegar á veitingastaðinn var komið. Þetta hafi verið afar leiðinlegt en eins og allir viti sé mjög erfitt að hreinsa glimmer í burtu. Álitsbeiðandi segist ekki hafa farið í kjólinn aftur, hann hafi verið settur í poka.

Kærunefndin hefur fengið pokann með kjólnum í hendur.

Álitsbeiðandi segist hafa haft samband við starfsstúlku í versluninni X og ráðgast við hana hvað hægt væri að gera. Kjóllinn hefði verið hengdur út og viðraður en það hefði ekki dugað. Þá hefði hún farið með kjólinn í hreinsun en þar hefðu menn ekki viljað taka við honum því að glimmerið af kjólnum myndi fara út um allt. Sér hafi þar verið bent á að kjólinn mætti alls ekki setja í þvottavél, en hann sé þvottamerktur 40°, því að glimmerið myndi fara út um allt. Þannig geti hún hvorki þrifið né hreinsað kjólinn. Álitsbeiðandi telur galla vera á kjólnum því að væri hann notaður áfram myndi allt glimmer hrynja af.

Álitsbeiðandi kveðst hafa reynt að tala við eiganda verslunarinnar X og hafi henni ekki þótt kjóllinn gallaður og ekki viljað koma til móts við sig á neinn hátt.

Eins og fyrr segir vill álitsbeiðandi skila kjólnum og fá kaupverðið endurgreitt.

#### **IV**

## Andsvör gagnaðila

Í andsvörum verslunarinnar X er sagt að álitsbeiðandi hafi komið að máli við eigandann hinn 28. desember út af kjólnum sem kostað hafi 7.990 krónur. Álitsbeiðandi hafi sagt að glimmerið smitaði út frá sér og viljað skila kjólnum. Eigandinn segist ekki hafa verið sátt við það að taka við kjólnum en hún hafi selt glimmertoppa og -kjóla af og til síðastliðin 24 ár og enginn farið þess á leit við sig af fá að skila flík af því tagi vegna þess að glimmerið færi af henni. Eigandinn telur að ástæða þess sé sú að við mátun á glimmerflíkum verði kaupendur varir við að glimmerið smiti út frá sér, andlit, hár og mátunarklefi beri vott um það. Annað hvort ákveði menn að kaupa flíkina þrátt fyrir það eða hætti við. Eigandinn segir þannig ekki fara á milli mála að glimmer detti af flíkunum og þess vegna hefði álitsbeiðandi átt að vera búin að gera sér grein fyrir því að svo færi, bæði í versluninni og eins áður en hún fór út í kjólnum. Verslunareigandinn tekur fram að af þeim glimmerkjólum sem seldar hafi verið í versluninni fyrir jólin sé þetta eini kjóllinn sem kaupandi hafi viljað skila. Einn viðskiptavinur hafi komið og beðið um ráð til þess að stöðva smit af kjól sínum en kosið að halda honum.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og verslunarinnar X falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa og 1. gr. laga um 48/2003 um neytendakaup, en viðskipti aðila falla undir þau lög.

Það er ljóst að kjóll sá sem álitsbeiðandi keypti var ekki dýr. Glimmer sem sett er á fatnað hefur vissulega tilhneigingu til þess að falla af honum og má kaupandi slíkra flíka búast við því að svo fari í einhverjum mæli. Lýsing álitsbeiðanda, sem ástæðulaust er að draga í efa, er þó á þann veg að glimmerið hafi fallið af kjólnum í verulegum mæli og meiri en telja verður að hún hafi mátt búast við þegar kjóllinn var keyptur. Við skoðun á kjólnum fellur glimmerið enn af honum. Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú kjóllinn sé gallaður í skilningi a og b liðar 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003, sbr. 15. gr. sömu laga. Það leiðir til þess að álitsbeiðandi getur neytt þeirra vanefndaúrræða sem kveðið er á um í 1. mgr. 26. gr. laganna, en eitt af þeim er að hann getur krafist riftunar á kaupunum, sbr. ákvæði 32. gr. laganna, eins og álitsbeiðandi hefur gert. Álit kærunefndarinnar er það að fallast beri á það að álitsbeiðandi eigi rétt á að rifta kaupunum, enda getur gallinn á kjólunum ekki talist óverulegur. Álitsbeiðandi á rétt á endurgreiðslu kaupverðsins úr hendi seljanda, sbr. 2. mgr. 49. gr. laga nr. 48/2003 ásamt vöxtum samkvæmt vaxtalögum, sbr. 2. mgr. 50. gr. laganna, frá 28. desember sl., en upplýst er að þá gerði álitsbeiðandi kröfu um að fá að skila kjólnum.

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Íris Ösp Ingjaldsdóttir